

L Ö G

9

26. febr.

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málsg. 16. gr. laganna hljóði þannig:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn. Sé hálstofa starfandi í sambandi við kirkjugarð, skal Bálfarafélag Íslands eða félagsdeildir þess utan Reykjavíkur, þar sem hálstofa starfar, hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á sama hátt og starfandi söfnuðir.

Nú er tala kjörinna fulltrúa jöfn, og skal þá á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina fyrir kjörtímabilið, svo og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. febrúar 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

10

28. febr.

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1949 og 1950, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.